



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

13. FUNDUR – 12. júní 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 13. fundar þriðjudaginn 12. júní 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía A. Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Kosningar.**
 - a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
 - b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
 - c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
 - d. Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar.
 - e. Breytingar á fulltrúum í nefndum Blönduósbæjar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 16. maí 2007.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 30. maí 2007.
4. Fundargerð fræðslunefndar frá 31. maí 2007.
5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 7. maí 2007.
6. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 14. maí 2007.
7. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 5. júní 2007.
8. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í menningarmálum.
9. Fundur Héraðsnefndar A-Hún., 14. júní 2007.
10. Erindisbréf fyrir framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar.
11. Ráðning byggingafulltrúa.
12. Sumarfrí bæjarstjórnar.

Afgreiðslur:

1. **Kosningar.**
 - a. **Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.**
Tillaga kom um Valgarð Hilmarsson. Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sátu hjá.
 - b. **Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.**
Tillaga kom um Héðinn Sigurðsson. Samþykkt með fjórum atkvæðum, 3 sátu hjá.
 - c. **Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar.**
Tillaga kom um Kára Kárason. Samþykkt með sjö atkvæðum samhljóða.
 - d. **Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar.**
Tillaga kom um Héðinn Sigurðsson(E), Jón Aðalstein Sæbjörnsson(E) og Ágúst Þór Bragason(D) sem aðalmenn og Valgarð Hilmarsson(E), Jónu Fanney Friðriksdóttur(E) og Kára Kárason(D) sem varamenn. Tillagan samþykkt samhljóða.
 - e. **Breytingar á fulltrúum í nefndum Blönduósbæjar.**

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Í stað Þorgils Magnússonar kemur Þórður Pálsson
Varamaður: Valgarður Hilmarsson

Fræðslunefnd

Í stað Helgu Kristínar Gestsdóttir kemur Zophonías Ari Lárusson
Varamaður: Nína Margrét Pálmadóttir

Æskulýðs- og tómstundarnefnd

Í stað Þorgils Magnússonar kemur Þórhallur Barðason
Varamaður: Sunna Gestsdóttir

2. **Fundargerð bæjarráðs frá 16. maí 2007.**
Fundargerðin tekin til umræðu.

Varðandi 13. lið komu fram eftirfarandi svör við fyrirspurnum Valdimars Guðmannssonar:



a. Undirritaður óskar eftir að Blönduósbær athugi möguleika á að fá sendar fundargerðir Ámundakinnar þar sem Blönduósbær er nokkuð stór hluthafi þar.

Svar: *Með vísan í svar framkvæmdastjóra Ámundakinnar ehf. verður ekki séð að forsendur séu til að verða við þessu erindi varðandi aðrar fundargerðir en fundargerðir hluthafafunda. Vitnað er í lög um einkahlutafélög og viðræður við endurskoðanda Ámundakinnar ehf.*

b. Fyrirspurn til bæjarstjóra. Hvenær verður ársreikningur Blönduósbæjar fyrir árið 2006 lagður fram og hvenær er áætlað að afgreiða þá?

Svar: *Eins og marg oft hefur komið fram á fundum bæjarráðs er ársreikningur 2006 lagður fram seinna í ár en venjan er. Ástæða þessa eru veikindi fráfarandi fjármálastjóra og bæjarstjóra. Ársreikningurinn verður lagður fram í næstu viku.*

c. Fyrirspurn til bæjarstjóra. Hver voru heildarlaun á skrifstofu Blönduósbæjar og tæknideildar fyrstu 3 mánuði ársins 2007?

Svar: *Laun bæjarskrifstofu (lykill 2140) og tæknideildar (lykill 0901) fyrstu 3 mánuði ársins 2007 voru alls: 10.147.649,-*

Varðandi 9. lið: Í stað þess að vísa erindinu til nánari útfærslu við vinnu fjárhagsáætlunar var eftirfarandi breyting samþykkt samhljóða. "Erindinu er vísað til nánari útfærslu við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2007 og fjárhagsáætlunargerðar 2008 og 2009". Fundargerðin að því loknu borin upp og samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð bæjarráðs frá 30. maí 2007.

Fundargerðin rædd og síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð fræðslunefndar frá 31. maí 2007.

Fundargerðin tekin til umræðu og afgreiðslu, fundargerðin er samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 7. maí 2007.

Fundargerðin tekin til umræðu og afgreiðslu, fundargerðin er samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

6. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 14. maí 2007.

Fundargerðin tekin til umræðu og afgreiðslu, fundargerðin er samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

7. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 5. júní 2007.

Fundargerðin tekin til umræðu og afgreiðslu, fundargerðin er samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

8. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í menningarmálum.

Samningurinn kynntur. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Blönduósbæjar.

9. Fundur Héraðsnefndar A-Hún, 14. júní 2007.

Málefni Héraðsnefndar rædd, og þau málefni sem eru á dagskrá fundarins. Miklar umræður urðu um Brunavarnir A- Hún o.fl. mál. Svohljóðandi ályktun lögð fram:

Sbr. fyrirbyggjandi gögn er ljóst að ekki er vilji til sameiningar slökkviliðs Skagastrandar og Brunavarna A -Hún á næstunni af hálfu Skagstrendinga.

Bæjarstjórn Blönduósbæjar bendir á að um allt land eru slökkvilið að sameinast og stækka starfsvæði sitt enda eru kostir við sameiningu slökkviliða innan afmarkaðs svæðis ótvíræðir. Sameining hefur í för með sér hærra þjónustustig, samræmingu á gæðum slökkviliða og samnýtingu á tækjum og mannafla.



Með ofangreint í huga óskar bæjarstjórn Blönduósþéjar eftir því að kannað verði með samvinnu/sameiningar við Slökkvilið Skagafjarðar enda hafa vegaf framkvæmdir við Þverárfjall stórbætt samgöngur á milli svæðanna. Þannig verði þjónusta, skilvirkni og öryggi íbúana aukið með stóru og öflugum slökkviliði. Er þess óskað að fulltrúar Húnavatnshrepps taki afstöðu til ofangreindrar tillögu og að niðurstaðan verði rædd á aðalfundi Brunavarna A – Hún sem áætlaður er nú í lok júní.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sátu hjá.

10. Erindisbréf fyrir framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar.

Lagt fram til samþykktar og samþykkt með sjö atkvæðum samhljóða.

11. Ráðning byggingafulltrúa.

Tvær umsóknir bárust um starf byggingarfulltrúa, frá þeim Bjarna Þór Einarsyni og Stefáni Árnasyni. Bæjarstjórn samþykkir að ráða Stefán Árnason í starf byggingarfulltrúa.

12. Sumarfrí bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn samþykkir að sumarfrí standi yfir frá og með þessum degi, 12. júní til og með 14. ágúst nk. 2007. Þó verði kallaður saman auka bæjarstjórnarfundur í tengslum við afgreiðslu ársreiknings 2006.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

*Valgarður Hilmarsson (sign.)
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Kári Kárasón (sign.)*

Fundi slitið kl. 19:30

Stefanía A Garðarsdóttir (sign.)